

Skuldir og höfuðstóll:		kr.
Óuppgert við Ríkisfóðursjóð	3 644 038,78
Óuppgertar endurgr. til mjólkurframleiðenda	926 146,00
Aðrar skuldir	36 382,00
Höfuðstóll 31. desember 1984	103 839 394,06	
– gjöld umfram tekjur 1985	–32 283 004,88	
Höfuðstóll 31. desember 1985	71 556 389,18
	Samtals:	76 162 955,96

Reykjavík, 10. apríl 1986.
Framleiðsluráð landbúnaðarins,

Ómar S. Jónsson.

Við undirritaðir endurskoðendur Kjarnfóðursjóðs höfum borið ofangreindan reikning saman við bókhaldsniðurstöður og endurskoðað fylgiskjöl. Ekkert hefir fundist athugavert.

Reykjavík, 22. apríl 1986.

Guðmundur Sigþórsson. Sigurður J. Líndal.

Nr. 243

REGLUGERÐ

25. apríl 1986

**um breyting á reglugerð nr. 264, 31. desember 1971,
um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Grein 1.5.4. Skilyrði til B-löggildingar breytist og orðist þannig:

Sá sem öðlast vill B-löggildingu verður að

1. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 1.5.3. þó þannig, að ekki er krafist starfsreynslu við háspennuvirki, og minnkar þá krafan um starfsreynslu sem því nemur, eða
2. hafa sveinsbréf í rafvirkjun eða rafvélavirkjun og hafa lokið námi samkvæmt námsskrá fyrir væntanlega rafverktaka eða sambærilegu námi er RER tekur gilt. Rafmagnseftirlit ríkisins semur frumvarp að námsskrá að fengnum tillögum frá samtökum rafvirkja og rafverktaka og skal hún staðfest af ráðherra. Námsskrá skal við það miðuð að ljúka megi náminu á einu skólaári. Ennfremur skal aðili hafa a. m. k. fjögurra ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta.

Sveinspróf í rafvélavirkjun er því aðeins tekið gilt til löggildingar í rafvirkjun, að umsækjandi hafi að auki unnið við rafvirkjun í tvör ár.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 7. gr. laga nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, er ljúka sérstöku löggildingarnámskeiði, skv. orðsendingu RER, dags. 5. febrúar 1986, skulu öðlast B-löggildingu skv. eldri ákvæðum þar um.

Sá er lokið hefur sveinsprófi í rafvirkjun eða rafvélavirkjun og hefur að loknu prófi starfað við rafvirkjun eigi skemur en fjögur ár fyrir gildistökudag reglugerðar þessarar getur öðlast B-löggildingu hafi hann lokið námi í fagtæknilegum áföngum og rekstrar- og stjórnunaráföngum námskrár fyrir rafverktaka.

Iðnaðarráðuneytið, 25. apríl 1986.

Albert Guðmundsson.

Páll Flygerning.